

orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt reglugerð þessari er refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 85 31. desember 1968 og öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir daggjaldanefnd sjúkrahúsa.

1. gr.

Heiti nefndarinnar er daggjaldanefnd sjúkrahúsa. Hlutverk hennar er að ákveða gjald til opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana, sem vista sjúklinga, sem sjúkrasamlög eða sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggja ókeypis vist, svo og gjaldskrá sömu stofnana vegna þjónustu við sjúklinga, sem ekki eru vistaðir í stofnuninni.

Nefndin ákvarðar einnig gjald sjálfseignarstofnana og einkaaðila fyrir þjónustu samkvæmt 1. mgr., þannig að það jafngildir samningi við Tryggingastofnun ríkisins, ef ákvörðun nefndarinnar er hlýtt.

2. gr.

Nefndina skipa 5 menn og skal einn skipaður af fjármálaráðherra, einn skipaður af Tryggingastofnun ríkisins, einn skipaður af Landssambandi sjúkrahúsa, einn skipaður af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skipaður af heilbrigðismálaráðherra, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

3. gr.

Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrár þannig, að samanlagðar tekjur stofnunarinnar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma, miðað við þá þjónustu, er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið, að stofnunin veiti innan ramma fjárlaga.

4. gr.

Stofnanir skulu árlega fyrir 1. apríl láta daggjaldanefnd í té yfirlit yfir tekjur og gjöld liðins árs, svo og starfslið og starfsemi alla í því formi, sem nefndin ákveður. Skulu upplýsingar sundurliðaðar þannig, að fram komi, hvernig afkoma hvers einstaks þáttar í rekstri stofnunarinnar er. Skal nefndin láta stofnunum í té leiðbeiningar um uppsetningu bókhalds til þess að reikningar þeirra verði sambærilegir.

5. gr.

Stofnanir skulu tilkynna daggjaldanefnd eða viðkomandi ráðuneyti með 6 mánaða fyrirvara, miðað við 1. janúar og 1. júlí, allar ráðgerðar breytingar í rekstri,

sem áhrif mundu hafa á tekjur og gjöld svo sem fjölgun eða fækkun starfsmanna eða breytingar á fjölda sjúkrarúma.

Að fenginni ákvörðun ráðuneytisins samkvæmt 3. gr. skal nefndin taka tillit til breytingarinnar við ákvörðun næstu gjaldskrár frá og með gildistöku hennar að telja.

Við ákvörðun gjaldskrár skal nefndin eigi taka tillit til þeirra breytinga á tekjum og gjöldum, sem stofnað er til með öðrum hætti.

6. gr.

Daggjaldanefnd skal endurskoða daggjöld og aðrar gjaldskrár stofnana tvisvar á ári, þannig að breytingar komi til framkvæmda miðað við 1. janúar og 1. júlí, og skal nefndin tilkynna hlutaðeigendum um breytingarnar bréflega og með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Skal nefndin í byrjun hvers árs láta stofnunum í té sundurliðaða greinargerð um, hvernig nefndin áætlar rekstur þeirra fyrir komandi ár miðað við gildandi gjaldskrár og áætluð útgjöld.

7. gr.

Reynist gjöld eða tekjur stofnunar hærri eða lægri en áætlun nefndarinnar hafði gert ráð fyrir, skal nefndinni gerð nákvæm grein fyrir orsökum þess.

Telji nefndin frávik eiga sér orsakir, sem séu eðlilegar miðað við starfsreglur nefndarinnar og rekstur sjúkrahússins, skal hækka eða lækka daggjald eða aðrar gjaldskrár stofnunarinnar til að mismunurinn vinnist upp á ekki lengri tíma en 12 mánuðum frá næstu ákvörðun nefndarinnar á gjaldskrá eftir að henni er kunnugt um mismuninn.

Frávik, sem stafa af ákvörðunum sjúkrahússtjórnar eða sjúkrahúslækna án þess að gætt sé ákvæða 5. og 3. greina, eru fjárhagslega á ábyrgð þess aðila, sem sjúkrahúsið á eða rekur.

8. gr.

Nefndin skal miða daggjöld stofnunar við raunverulegan rekstrarkostnað hennar að frádregnum viðhaldskostnaði lausra muna og fasteignar og fjármagnskostnaði.

Til greiðslu á viðhaldskostnaði og endurnýjun lausafjármuna skal reikna árlega sem svarar 20% af bókfærðu verði lausafjármuna.

Til að mæta viðhaldi fastafjármuna skal reikna í daggjald 2.5% af fasteignarmati húsa.

Til að mæta afskriftum fasteigna skal reikna sjúkrahúsum sveitarfélaga 0.8% af fasteignarmati í daggjald og sjálfseignarstofnunum eða einkasjúkrahúsum 2% af fasteignarmati að frádregnu hlutfalli opinberra byggingarstyrkja í stofnkostnaði.

Til að standa undir fjármagnskostnaði vegna rekstrar skal reikna í daggjald sem svarar 1% af heildarrekstrargjöldum ársins.

9. gr.

Að öðru leyti ákveður nefndin sér sjálf starfsreglur enda tilkynni hún viðkomandi aðilum þar um.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við lög nr. 67/1971 og öðlast gildi þegar í stað. Daggjöld fyrir árið 1973 ákveðast samkvæmt henni.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.